



Reykjavík, 10. febrúar 2021

Niðurstaða athugunar á aðgerðum Arctica Finance hf. gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf vettvangsathugun hjá Arctica Finance hf. í september 2019. Niðurstaða lá fyrir í desember 2020.

Markmið athugunar Fjármálaeftirlitsins var að kanna fylgni félagsins við afmarkaða þætti laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og einnig, eftir atvikum, eldri laga nr. 64/2006 um sama efni. Vettvangsathugunin tók mið af þágildandi lögum nr. 64/2006 hvað varðar yfirferð á framkvæmd áreiðanleikakannana í tíð þeirra laga. Þá voru könnuð atriði tengd alþjóðlegum þvingunaraðgerðum og fylgni við lög nr. 64/2019 um frystingu fjármuna. Nánar tiltekið tók athugunin til áhættumats félagsins, innri ferla, reglubundins eftirlits, alþjóðlegra þvingunaraðgerða, framkvæmdar áreiðanleikakannana, einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla og rannsóknar- og tilkynningarskyldu.

Til að öðlast yfirsýn yfir aðgerðir félagsins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka aflaði Fjármálaeftirlitið ýmissa gagna, t.d. gagna tengdum áreiðanleikakönnunum, tók viðtöl við starfsmenn félagsins og fékk kynningu á áhættumati og verklagi vegna reglubundins eftirlits. Þá skoðaði Fjármálaeftirlitið hvernig eftirliti með alþjóðlegum þvingunaraðgerðum og eftirliti með því hvort viðskiptamenn væru í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla var háttáð. Þá var handvalið úrtak 14 viðskiptavina félagsins sem eru lögaðilar og framkvæmd áreiðanleikakönnunar félagsins á þeim viðskiptavinum könnuð, í heild eða að hluta, með sérstaka áherslu á upplýsingar um raunverulega eigendur. Loks tók Fjármálaeftirlitið til skoðunar hvernig félagið stæði að því að uppfylla rannsóknar- og tilkynningarskyldu sína.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina setti Fjármálaeftirlitið, miðað við stöðuna eins og hún var þegar athugunin átti sér stað, fram eftirfarandi athugasemdir við félagið:

- Upplýsingar um raunverulega eigendur voru í mörgum tilvikum ekki metnar af félaginu með sjálfstæðum hætti, sbr. 10. gr. laga nr. 140/2018. Sambærilegar kröfur til könnunar á upplýsingum um raunverulega eigendur voru gerðar í 2. mgr. 5. gr. eldri laga nr. 64/2006.
- Í nokkrum tilvikum sönnuðu lögaðilar, raunverulegir eigendur, prókúruhafar og aðrir þeir sem hafa til þess sérstaka heimild, ekki á sér deili með fullnægjandi hætti, sbr. 10. gr. laga nr. 140/2018. Í 1. mgr. 5. gr. eldri laga nr. 64/2006 voru gerðar sambærilegar kröfur.
- Áreiðanleikakönnun var í mörgum tilvikum ekki lokið við upphaf viðskiptasambands, sbr. a-liður 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 140/2018. Sambærilegt ákvæði var að finna í a-lið 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. eldri laga nr. 64/2006.
- Utanumhald gagna var talið ófullnægjandi hjá félaginu, sbr. 1. mgr. 28. gr., 30. gr. laga nr. 140/2018 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 745/2019 um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

- Reglubundið eftirlit með samningssambandi við viðskiptamenn var ófullnægjandi, sbr. a-liður 4. mgr. 10. gr. laga nr. 140/2018 og 1. mgr. og 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 745/2019 um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Regluleg uppfærsla á upplýsingum um viðskiptamenn var ófullnægjandi, sbr. e-liður 4. mgr. 10. gr. laga nr. 140/2018 og 3-5 mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 745/2019 um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Áhættumat var ófullnægjandi, sbr. 5. gr. laga nr. 140/2018 og reglugerð nr. 545/2019 um áhættumat vegna peningabættis og fjármögnun hryðjuverka.
- Eftirlit með einstaklingum í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla var ófullnægjandi, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 140/2018.
- Eftirliti með því hvort viðskiptamenn væru á listum yfir þvingunaraðgerðir var ekki sinnt hjá félaginu, sbr. 1. og 3. mgr. 7. gr. og 4. gr. lög nr. 64/2019 um frystingu fjármuna og skráningu aðila lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna.
- Þjálfun og fræðslu starfsmanna félagsins var ábótavant, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 140/2018. Í eldri lögum nr. 64/2006 voru gerðar sambærilegar kröfur í 23. gr. laganna.
- Félagið hafði ekki sett sér skjalfesta stefnu vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018.
- Verkferlar og reglur vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka voru ófullnægjandi hjá félaginu, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018.

Arctica Finance hf. hefur þegar lokið úrbótum vegna framangreindra athugasemda.